

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík  
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. febrúar 2024  
E-2024-045/00.11

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið), 29. mál**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis, dagsett 26. janúar 2024, varðandi endurflutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið), 29. mál. Landsvirkjun hefur áður komið athugasemdum á framfæri er varðar þetta mál en um er að ræða nauðsynlegar breytingar á íslenski lögjöv með það að markmiði að svara og koma til móts við athugasemdir eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um sjálfstæði raforkueftirlits sem gerð er krafa um í tilskipun ESB nr. 2009/72/EB. Landsvirkjun hefur kynnt sér endurflutt frumvarp og þakkar tækifæri til umsagnar.

Landsvirkjun fagnar áformum stjórnvalda um að tryggja betur sjálfstæði Raforkueftirlitsins í störfum sínum og telur þær lagabreytingar sem hér eru til umræðu til bóta. Mikilvægt er að gæta þess að lagagrunnar þeir sem raforkumarkaður starfar á úreldist ekki. Sjálfstæði Raforkueftirlits er ekki síst mikilvægt sé litið til fyrirhugaðra sameininga stofnana í stærri skipulagsheildir líkt og áformað er með fyrirhugaðri sameiningu stofnana sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Frá því að frumvarpið var áður lagt fram á 153. þingi hafa verið gerðar á því breytingar í kjölfar athugasemda hagsmunaaðila og nefndarálits meirihluta atvinnuveganefndar. Í endurfluttu frumvarpi hafa m.a. verið gerðar breytingar á 2. og 3. gr. sem auka sjálfstæði Raforkueftirlitsins gagnvart yfirmanni stofnunarinnar. Landsvirkjun telur þær breytingar jákvæðar og tekur undir að betur fari á því að skrifstofustjóri Raforkueftirlits sé skipaður af ráðherra og að enn fremur sé ekki gert ráð fyrir að Orkumálastjóri geti falið Raforkueftirlitinu önnur störf.

Í áður framlögðu frumvarpi frá 153. þingi kom skýrt fram í umfjöllun greinargerðar varðandi 3. gr. að gert væri ráð fyrir að „orkumálastjóri ráði starfsmenn til starfa hjá Raforkueftirlitinu“. Landsvirkjun benti á að þetta fyrirkomulag drægi úr sjálfstæði skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins og um leið sjálfstæði Raforkueftirlitsins almennt gagnvart orkumálastjóra. Í meðferð atvinnuveganefndar hefur sjálfstæði eftirlitsins verið eftl en Landsvirkjun telur þó, hvað þetta tiltekna atriði varðar, að umfjöllun greinargerðar sé óljós. Í greinargerð endurflutts frumvarps er tiltekið að „Gert er ráð fyrir því að yfirmaður Raforkueftirlitsins fari með daglega stjórn og rekstur einingarinnar, hafi eftirlit með störfum starfsmanna innan hennar og samræmi þau“. Ekki er að sjá beina vísun í það hver fari með mannaáráðningu Raforkueftirlitsins og þætti Landsvirkjun til bóta að skýra það betur.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir  
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen  
Forstöðumaður stefnumótunar  
og sjálfbærni